



6. stjórnarfundur HSV starfsárið 2016-2017.

Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, miðvikudaginn 11. janúar 2017 kl. 16.30.

Mættir eru: Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Karl Ásgeirsson, Ingi Björn Guðnason, Hildur Elisabet Pétursdóttir, Páll Janus Þórðarson, Heimir Hansson og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð. Elín Marta Eiríksdóttir og Elísa Stefánsdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Samningur Ísafjarðarbæjar og Hendingar
2. Tölvukaup fyrir yfirþjálfara Íþróttaskólans
3. Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar
4. Önnur mál

Fundargerð:

1. Samningur Ísafjarðarbæjar og Hendingar
Stjórn HSV hefur farið yfir þau drög að samkomulagi sem liggja fyrir milli Ísafjarðarbæjar og Hestamannafélagsins Hendingar. Stjórn HSV lýsir yfir ánægju með að loks verði hægt að ljúka þessu máli sem svo lengi hefur verið deilt um. Það er von stjórnar að hestaíþróttin muni eflast í Ísafjarðarbæ með tilkomu nýrrar aðstöðu í Engidal.
2. Tölvukaup fyrir yfirþjálfara Íþróttaskólans
Slaóme Ingólfssdóttir yfirþjálfari óskar eftir að fá nýja tölvu þar sem sú sem hún hefur nú er mjög léleg og ekki hægt að gera við hana. Gjaldkera falið að velja og kaupa nýja tölvu.
3. Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2016
Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar verður tilnefndur sunnudaginn 22. janúar. Stjórn HSV er boðið á athöfnina sem haldin er á 4. hæð Stjórnsýsluhússins á Ísafirði kl.16. Lagt fram til kynningar. Einnig var rætt um tilnefningar til hvatninga verðlauna.
4. Önnur mál
 - a. Styrkbeiðni frá SFÍ vegna UMÍ 2017 á Ísafirði 23.-26. mars. Lagt fram til kynningar og vísað til íþróttá- og tómstundanevndar Ísafjarðarbæjar.
 - b. Páll Janus veltir upp þeirri hugmynd hvort hægt væri að auka opnun íþróttamannvirkja þegar starfsdagar eru í skólum. Stjórn list vel á þessa uppástungu og felur framkvæmdastjóra að ræða við Margréti Halldórsdóttur sviðstjóra um að kanna þann möguleika.